

**AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA**

**ERLEND TUNGUMÁL**

**1999**

## Auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla

### 1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. júní 1999. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 1999-2000 eftir því sem við verður komið og nánar er kveðið á um í almennum hluta hennar og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 28. apríl 1989 úr gildi.

### 2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í tólf heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og ellefu sérstaka greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.


Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem gefnir eru út í ellefu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum og bera heftin þessi heiti:

Íslenska  
Stærðfræði  
Erlend tungumál  
Heimilisfræði  
Íþróttir – líkams- og heilsurækt  
Kristin fræði, siðfræði, trúarbragðafræði  
Listgreinar  
Lífsleikni  
Náttúrufræði  
Samfélagsgreinar  
Upplýsinga- og tæknimennt.

Heftin eru útgefin á tímabilinu frá 1. mars 1999 til 31. maí 1999 af menntamálaráðuneytinu og dreift jafnóðum til sveitarstjórna.

Menntamálaráðuneytinu 24. febrúar 1999

  
Björn Bjarnason

  
Árni Gunnarsson

# AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

ERLEND TUNGUMÁL

1999

Menntamálaráðuneytið

Menntamálaráðuneytið : námskrár 12

Maí 1999

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
150 Reykjavík  
Sími: 560 9500  
Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.mrn.stjr.is](http://www.mrn.stjr.is)

Hönnun og umbrot: XYZETA ehf.  
Ljósmyndun: Kristján Maack  
Myndskreytingar: XYZETA ehf.  
Prentun: Gutenberg

© 1999 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-21-2

# EFNISYFIRLIT

Formáli .....	5
Inngangur .....	6
Nám og kennsla	
Námsmat	
Enska .....	17
Inngangur	
Lokamarkmið	
Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar	
Prepamarkmið 5. bekkjar	
Prepamarkmið 6. bekkjar	
Prepamarkmið 7. bekkjar	
Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar	
Prepamarkmið 8. bekkjar	
Prepamarkmið 9. bekkjar	
Prepamarkmið 10. bekkjar	
Danska .....	33
Inngangur	
Lokamarkmið	
Áfangamarkmið/prepamarkmið 7. bekkjar	
Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar	
Prepamarkmið 8. bekkjar	
Prepamarkmið 9. bekkjar	
Prepamarkmið 10. bekkjar	
Málnotkunaratriði í 7.-10. bekk	
Norska/sænska .....	47
Inngangur	
Lokamarkmið	
Áfangamarkmið/prepamarkmið 7. bekkjar	
Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar	
Prepamarkmið 8. bekkjar	
Prepamarkmið 9. bekkjar	
Prepamarkmið 10. bekkjar	







## FORMÁLI

Í aðalnámskrá grunnskóla eru markmið í ensku og dönsku og norsku/sænsku. Er þetta í fyrsta sinn sem markmið í norsku/sænsku koma fram í aðalnámskrá.

Markmið í erlendum tungumálum í grunnskóla eru sett fram innan fjögurra færniþátta sem eru hlustun, lestur, talað mál og ritun. Markmið í hlustun og lestri taka einkum til atriða sem snerta skilning á erlendum tungumálum og markmið í töluðu máli og ritun til atriða sem snerta tjáningu á erlendum málum.

Markmið í erlendum tungumálum eru fyrst og fremst færni miðuð, þ.e. þau lýsa því hvað nemendur eiga að vera færir um að gera. Eðli lokamarkmiða í hverju tungumáli er að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að með náminu. Áfangamarkmið í erlendum tungumálum miðast við nám að loknum 7. bekk og 10. bekk. Í þeim eru tekin saman þau atriði sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér á undan- gengnum árum í námi. Þrepamarkmiðin lýsa megin- áherslum á hverju námsári og þarf útfærsla þeirra að taka að einhverju leyti mið af mismunandi getu nemenda í hverjum aldurshóp. Nánar er fjallað um markmiðasetningu í almennum hluta aðalnámskrár.



## INNGANGUR

Tungumál greina jarðarbúa í þjóðir, afmarka menningarheildir og oft landamæri. Tungumálið hefur gert þjóðum kleift að varðveita menningararfleifð sína og siðvenjur sem flust hafa frá einni kynslóð til annarrar.

Kunnátta í erlendum tungumálum og innsýn í menningu annarra þjóða getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi og er ein af forsendum þess að geta átt farsæl samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni.

Samvinna milli landa og heimsálfna eykst stöðugt á öllum sviðum og er mikilvægt að nemendur séu undir slíkt búnir í námi sínu. Kunnátta í erlendum tungumálum er mikilvægur lykill að fræðslu, námi og atvinnutækifærum. Fyrir fámenna þjóð eins og Íslendinga, sem eiga mál sem hvergi er þjóðtunga nema á Íslandi, skiptir kunnátta í erlendum tungumálum sérlega miklu máli. Íslendingum er nauðsynlegt að geta sótt nýja þekkingu til annarra þjóða samhliða því að koma eigin þekkingu á framfæri.

Kunnátta í erlendum tungumálum er nauðsynleg í daglegu lífi. Má nefna sem dæmi að ýmsar upplýsingar um verslunarvarning eru á erlendum málum, við þurfum að geta bjargað okkur á ferðalögum erlendis, geta átt samskipti við ferðamenn á Íslandi, geta átt samskipti við fólk erlendis og nýtt okkur upplýsingar í tölvutæku formi. Fyrir grunnskólanemendur er dýrmætt að geta notað erlend tungumál sér til gagns og ánægju. Því þarf að leggja áherslu á að tungumálanámið sé hagnýtt og vikki sjóndeildarhringinn.



Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskipti og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. Mikla áherslu þarf því að leggja á málnotkun. Nemendur þurfa að ná tökum á færni og kunnáttu sem gerir þeim kleift að skilja málið eins og það er notað við raunverulegar aðstæður. Þeir þurfa sjálfir að geta talað málið og skrifað og kunna skil á reglum þess. Jafnframt þurfa þeir að öðlast innsýn í menningu sem bundin er tungumálinu. Mikilvægt er að nemendur verði meðvitaðir um hvernig þeir geta sjálfir styrkt og bætt kunnáttu sína.

Í upphafi náms í erlendu tungumáli þarf að leggja sérstaka áherslu á að nemendur nái tökum á undirstöðuatriðum. Fyrsta erlenda tungumálið, sem nemendur læra, er enska. Enskukennsla hefst í 5. bekk grunnskóla. Nám í dönsku hefst í 7. bekk og nám í norsku og sænsku getur komið í stað dönsku fyrir þá nemendur sem uppfylla ákveðin skilyrði um fyrri kynni af þeim málum. Nám í öðrum tungumálum er háð framboði á valgreinum í hverjum skóla, sbr. reglugerð um valgreinar í grunnskólum. Slíkt nám getur verið einingabært sem nám í framhaldsskóla.

### Nám og kennsla

Markmið í erlendum tungumálum eru sett fram í loka-markmiðum, áfangamarkmiðum og þrepamarkmiðum. Áfanga- og þrepamarkmið eru sett fram í fjórum færniþáttum sem eru hlustun, lestur, talað mál og ritun. Nemendur þurfa jafnframt að öðlast þekkingu á margþættum lögmálum málsins, bæði þeim sem lúta að beitingu þess við ýmsar aðstæður og reglum um formgerðir, ásamt þekkingu á menningu og siðum þeirra sem málið tala.

Við raunverulega málnotkun beitir notandi ákaflega flókinni og margþættri kunnáttu og leikni. Mikilvægt er að þetta endurspeglar eftir því sem kostur er í viðfangsefnum þannig að nemendur fái sem oftast raunveruleg tækifæri til að nota erlenda málið við margbreytilegar aðstæður. Því er mikilvægt að nám sé sem heildstæðast og að unnið sé með færniþættina samþætta. Til að hnýta saman markmið innan mismunandi færniþátta og til að ná fram heildstæðri nálgun í kennslu er heppilegt að vinna með ákveðin viðfangsefni, efnisflokkar eða þemu í nokkurn tíma í senn. Með því móti er hægt að láta nemendur hlusta á margvíslegt efni, lesa fjölbreytilega texta, tala og skrifa um sama meginviðfangsefnið út frá breytilegum sjónarhornum. Þannig kynnast nemendur blæbrigðum málsins og margbreytileika, vinna markvisst með orðaforða og reglur um málbeitingu. Ekki er síður mikilvægt að tengja tungumálanám við aðrar námsgreinar og gefa nemendum tækifæri til að reyna á kunnáttu sína, t.d. við efnisöflun og heimildanotkun í öðrum námsgreinum.

Til þess að ná markmiðum málanáms er mikilvægt að beita mismunandi kennsluáðferðum, bæði einstaklingsmiðuðum og samvinnunámi. Allt fer þetta eftir eðli og umfangi verkefna hverju sinni.

Viðfangsefni þurfa að vera fjölbreytt og krefja nemendur um mismunandi verklag. Sum verkefni krefjast ítrustu nákvæmni en önnur beinast að því að vinna hratt og situr nákvæmni þá ekki í fyrirrúmi. Sjaldnast er nauðsynlegt að skilja hvert einasta orð talaðs máls eða við lestur skáldsögu. Öðru máli gegnir þegar fylla þarf út umsókn, ganga frá hreinritun texta eða fylgja leiðbeiningum. Smám saman þurfa nemendur að átta sig á hvenær er viðeigandi að beita mismunandi verklagi, t.d. hraðlestri og nákvæmnislestri.

Miklu skiptir að skapa nemendum sem flest tækifæri til að tala málið, t.d. með hlutverkaleikjum, leikþáttum,

frásögnum eða viðtölum sem eru flutt fyrir bekkjarfélaga eða tekin upp á hljómbönd eða myndbönd.

Öll vinna með málnotkun og málfræði á að tengjast markvisst vinnu með orðaforða og notkun færniþáttanna fjögurra. Brýnt er að hafa í huga að málfræði og málnotkunarreglur hafa einkum hlutverki að gegna þegar málið er notað í ritun og tali. Nákvæmniskröfur í málfræði mega ekki yfirskyggja kröfur um færni í öðrum þáttum málanáms. Þegar unnið er með reglur málsins, t.d. málfræði, þurfa kennarar að vanda valið og beina sjónum að þeim þáttum málfræðinnar eða þeim málvenjum sem líklegastar eru til að valda íslenskum nemendum erfiðleikum eða sem sýnt er að muni valda misskilningi í tjáskiptum. Nemendur þurfa að venjast því að nota hjálpargögn, svo sem orðabækur og málfræðilykil, þegar leita þarf upplýsinga um undantekningar frá meginreglum málfræði og málnotkunar eða þegar þekkingu nemenda þrýtur.

Upplýsingatækni er mikilvæg í kennslu erlendra tungumála. Má þar nefna sérstök kennsluforrit, ritvinnslu, geisladiska, leitarvefi, vefslóðir, tölvupóst, spjallrásir og tungutækni.

Á þeim aldri, þegar börn hefja ensku- og dönskunám í grunnskóla, eru þau meðvituð um móðurmál sitt og notkun þess. Þau túlka hreyfingar, svipbrigði og raddblæ ekki síður en hið talaða orð. Mikilvægt er að kennarar notfæri sér þetta í byrjendanámi.

Mikilvægt er að kenna börnum grundvallarreglur um samskipti í upphafi málanáms. Öguð samskipti og jákvætt andrúmsloft skiptir sérstaklega miklu í byrjendanáminu þar sem leikur, athafnir og skapandi starf þarf að skipa stóran sess.

Forsendur nemenda við upphaf málanáms eru ólíkar. Námsefni og kennsluhættir verða að vera sveigjanlegir til að hver og einn geti lært út frá sínum forsendum. Mikilvægt er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málanámsins, að máltilfinning þeirra sé örvuð og að þeir geti notað kunnáttu sína sér til gagns og ánægju. Með því er lagður traustur grunnur að málanámi.

Sérstaklega verður að gæta þess að viðfangsefni hæfi þroska barnanna og örvi máltöku þeirra sem mest. Í upphafi þarf því að leggja megináherslu á

- að erlenda málið sé notað sem mest í kennslustundum við alla miðlun efnis og úrvinnslu
- að nemendur þjálfist í samskiptum á erlenda málinu
- að viðfangsefnin reyni á sköpunarmátt nemenda og virkni
- að viðfangsefnin höfði til vitsmuna og reynslu nemenda
- að nemendur fái útrás fyrir athafnasemi og forvitni sem er þeim eðlislæg
- að litið sé á upphafið sem fyrsta skref af mörgum sem öll eru jafnmikilvæg

### Ferlisverkefni

Ef unnið er með efnisflokka eða þemu eru ferlisverkefni heppileg til að fá fram fjölbreytni í efni og aðferðum. Þau bjóða upp á að nemendur noti málið í heild sinni og margbreytileika. Til að skýra þá stefnu, sem boðuð er, eru sýnd tvö dæmi um möguleika á útfærslu. Þau henta best nemendum sem hafa töluvert nám að baki, t.d. 10. bekkjar nemendum. Til að nota slík verkefni með yngri nemendum þarf að einfalda þau. Þegar unnin eru verkefni eins og hér er lýst er mikilvægt að huga vel að efnisöflun, úrvinnslu og sjálfu ferlinu.

*Efnisöflun:* Dagblöð, vikublöð, íþróttablöð, ferðabæklingar, ferðasögur, sjónvarp, útvarp, farið á vettvang, upplýsingar sóttar á heimasíður, bréfaskipti á tölvuneti við jafnaldra eða fyrirspurnir sendar til stofnana eða fyrirtækja.

*Úrvinnsla:* Myndbandsþáttur, veggblað/veggspjald, bæklingur, leikþáttur, fyrirlestur, kynning, ferðaskrifstofa (hlutverkaleikur), vefsíðugerð (til að senda öðrum).

*Ferlið:* Skoða efni, safna orðaforða, velja og hafna og setja síðan í samhengi sem hentar og loks að koma hugmyndum í orð. Þegar um viðamikil verkefni er að ræða má hugsa sér tvenn skil; fyrst að reifa hugmynd og síðan að skila í endanlegu formi. Önnur útgáfan gæti verið munnleg en hin skrifleg.

Eitthvað þessu líkt má gera við hvaða efni sem er, láta hugarflugið ráða og nýta sem flest tjáningarform.

### **Talmálsverkefni**

Dæmi: Störf fyrir unglunga

- segja frá raunverulegu starfi
- búa til samtal við sessunaut út frá lykilorðum sem kennari hefur dreift
- bera saman mismunandi störf (laun, aðbúnað, fritíma)
- viðtal við vinnuveitanda (sótt um vinnu)
- umræður: með / á móti vinnu nemenda með námi (nemandi/foreldri)
- talæfingar taki mið af orðaforða sem fram kemur í því efni sem kann að liggja að baki æfingunni, s.s. textum, myndböndum og hljómböndum
- nemendur búa til samtalsæfingar fyrir aðra hópa og vinna æfingar frá öðrum (hringrás)

## **Þemaverkefni**

Dæmi: Vetrariþróttir

Byrjað er með kynningu og þankahrið á töflu/glæru. 2-4 vinna saman, umfang verkefna er mismikið. Hver hópur velur sér viðfangsefni og getur sjónarhornið verið

- íþróttagreinar
- útbúnaður og fatnaður – kostnaður
- ferðamennska – út í heim, innanlands
- á heimaslóðum – frístundaiðja
- íþróttamiðstöð – stjórnun, útbúnaður, mannvirki
- stórmót – fjölmiðlar
- þekkt nafn – nærmynd
- landslag og veðurskilyrði
- bókmenntir
- saga – annálar

## **Námsmat**

Mikilvægt er að mat endurspegli þjálfun færniþátta í kennslu. Grundvöllur námsmats eru markmið námsins. Námsmat á að endurspegla leiðir, innihald og verkefni sem unnið hefur verið með. Árangur skal metinn, bæði með símati á verkefnum sem unnin eru á kennslutímanum og prófum í lok annar eða skólaárs. Í námsmati skal taka mið af þeim fjórum færniþáttum sem fram koma í markmiðum. Auk þess er mat á orðaforða hluti af námsmati í öllum færniþáttum. Óvirkur orðaforði, þ.e. orðaforði til að skilja, er metinn í lestri og hlustun en virkur orðaforði, þ.e. orðaforði til að beita, í ritun og tali.

## **Hlustun**

Í hlustun getur nemandi annars vegar verið í hlutverki hlustanda og hins vegar í hlutverki hlustanda og mælanda. Meta þarf alla færniþætti innan hlustunar eftir því sem þeir eru þjálfaðir. Þrep innan hlustunar eru að

- greina orð
- skilja ákveðnar upplýsingar
- skilja aðalatriði
- geta fylgt atburðarás
- skilja tal tveggja
- skilja tal þriggja eða fleiri
- skilja ákveðnar upplýsingar og bregðast rétt við
- skilja smáatriði

### Lestur

Námsmat í lestri þarf að byggjast á lestraraðferðum sem áhersla er lögð á í þrepamarkmiðunum, þ.e. leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri. Mikilvægt er að lesskilningur sé metinn **út frá ólesnum textum**.

### Talað mál

Námsmat í töluðu máli þarf að byggjast á því að nemandi fái tækifæri til að tjá sig á eigin forsendum um efni sem er honum kunnuglegt.

### Ritun

Mikilvægt er að mat á ritunarverkefnum endurspegli tilgang og eðli verkefnisins og að nemandi fái tækifæri til að tjá sig um viðfangsefni sem er honum kunnuglegt.

### Dæmi um útfærslu á námsmati

#### Lestur

Mikilvægt er að mat á lestri endurspegli aðferðir sem nemendur þurfa að tileinka sér og lögð er áhersla á í þrepamarkmiðum.

*Hraðlestur* hentar fyrst og fremst þegar lesið er sér til fróðleiks og skemmtunar. Verkefni úr hraðlesnu efni þurfa að endurspeгла hlutverk sitt og geta verið að greina frá helstu atburðum og/eða persónum og persónueinkennum í skáldsögu eða segja frá hvað fræðandi efni fjallar um.

*Leitarlestri* er fyrst og fremst beitt til að leita í texta að ákveðnum upplýsingum, s.s. í blaðaauglýsingum, t.d. til að kaupa hlut eftir smáauglýsingu, að leita að fyrir fram gefnum, afmörkuðum upplýsingum í lengri texta, t.d. í blaða- eða tímaritsgrein, um merkispersónu, hvaða ár var hún fædd? hvar bjó hún? við hvað starfaði hún? o.s.frv.

*Í yfirlitslestri* lesa nemendur texta hratt yfir og ákveða hvort þeir eru þess virði að lesa nánar, t.d. til að nota í þema- vinnu. Mikilvægt er að texti sé nemendum auðskiljanlegur til þess að þeir geti leyst slík verkefni af hendi.

*Nákvæmnislestri* er beitt þegar skilja þarf texta til hlítar.

Verkefni geta verið af margvíslegum toga, s.s. að nemendur

- fari eftir leiðbeiningum í texta, t.d. við að búa eitthvað til, skilja hvernig eitthvað vinnur
- svari spurningum sem krefja þá um nákvæman skilning á texta, t.d. já/nei-spurningum, rétt/rangt-spurningum
- svari með eigin orðum spurningum úr texta
- raði textabrotum saman í rökrétta heild
- þýði texta
- setji upplýsingar úr texta inn í töflu
- dragi saman texta

### **Almenn ritun**

Mati á ritun, t.d. í 10. bekk, má skipta upp í fjóra þætti, uppbyggingu, innihald, orðaforða og málnotkun. Þá má greina í smærri undirþætti og skilgreina hvaða geta/færni liggur að baki hverjum þeirra. Innbyrðis vægi þáttanna fer eftir aldri nemenda og markmiðum.

### **Hraðritun**

Eftir að unnið hefur verið með ákveðið þema (efnisflokk) getur mat á hraðritun (t.d. í 10 mín.) beinst að orðaforða og hvort hann er notaður í eðlilegu samhengi. Einfalt er þá að telja orð sem nemandi notar (rétt) og flokkast undir tilgreint þema.



## Tal

Hér eru sýnd tvönn konar dæmi um hvernig mögulegt er að meta talað mál.

## Myndbandsverkefni.

Verkefnið getur verið ígildi munnlegs prófs eða hluti af munnlegu prófi. Hér sem fyrr ræðst innbyrðis vægi þáttanna af aldri nemenda og eðli verkefnis.

Innihald (efni, lengd, uppbygging)	_____ stig
Málnotkun (málbeiting, málfræði)	_____ stig
Orðaforði	_____ stig
Framburður	_____ stig
	_____ stig alls

## Samtal

Dæmi um viðmiðanir við mat á samtölum nemenda

### Ágætt

- góður framburður
- fjölbreyttur orðaforði
- samtalstækni með fylliorðum
- óhikað tal

### Gott

- framburður sem er þægilegur áheyrnar og skilst vel
- orðaforði til að tjá sig um tiltekið efni eða til að bjarga sér út úr aðstæðum
- samtalstækni
- samtali haldið gangandi

### Sæmilegt

- framburður sem oftast er skiljanlegur þrátt fyrir áhersluvillur
- skortur á orðaforða og hik
- nokkur samtalstækni
- skortur á frumkvæði

### Slakt

- íslenskulegur framburður sem skilst illa
- fábrotinn orðaforði
- erfiðleikar við myndun heilla setninga
- samtalstækni ekki fyrir hendi

### Þemavinna / þverfagleg vinna

Dæmi um matsþætti við mat á þemavinnu / þverfaglegri vinnu

- færni í tungumálinu
- inntak texta
- sjálfstæði í vinnubrögðum
- hugmyndaauðgi
- heildarmynd verksins
- frumkvæði hópsins
- samvinna
- frágangur / tímamörk haldin

Vægi þáttanna innbyrðis getur verið breytilegt eftir aldri nemenda og eðli verkefnis. Þeir þættir, sem snúa að tungumálinu, þurfa þó að vega þyngst.



## ENSKA

### Inngangur

Enska er fyrsta erlenda málið sem nemendur læra í íslenskum grunnskólum samkvæmt aðalnámskrá. Enska er það mál sem mest er notað á sviði fræðslu og vísinda og í alþjóðlegum samskiptum í heiminum. Mikilvægt er að enskukennslan veiti nemendum innsýn í þann heim. Netíð og margmiðlunarefni er heppilegt til enskukennslu. Efni á ensku á Netinu býðst um nánast hvað sem er og getur því verið kærkomin viðbót við námsefni í ensku og öðrum greinum.

Með námi í ensku er mikilvægt að viðhalda hefðbundnum tengslum við Bretland og Bandaríkin. Jafnframt er mikilvægt að opna augu nemenda fyrir enskumælandi svæðum eins og Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjálandi og hinum ótal mörgu löndum þar sem enska er töluð sem annað mál og veita nemendum þar með aukna innsýn inn í hinn margbreytilega enskumælandi heim og menningaráhrif sem þar ríkja.

Gert er ráð fyrir að byrjað sé á viðfangsefnum sem snerta nemandann sjálfan og nánasta umhverfi hans og smám saman verði sjónarhornið fært frá honum yfir á óhlutbundnari viðfangsefni. Eðlilegt er að gera vaxandi kröfu um þyngd á hlustunarefni, lesefni og viðfangsefnum sem nemendur tjá sig um og að nemendur nái betri tókum á þeim lögmálum sem gilda í málnotkun í töluðu og rituðu máli. Jafnframt þurfa þeir að gera sér ljóst mikilvægi eigin vinnu til að framfarir verði í námi.

## Lokamarkmið

### Nemandi

- geti lesið sér til gagns og ánægju
- geti beitt mismunandi lestrarlagi eftir því sem við á
- skilji mælt mál sér til gagns og ánægju
- geti hlustað á mismunandi hátt eftir upplýsingum í töluðu máli
- geti tjáð sig lipurlega á mæltu máli um málefni sem eru honum kunnugleg
- geti tjáð sig skriflega á viðeigandi hátt um málefni sem eru honum kunnugleg
- sé fær um að beita helstu málfræði- og málnotkunarreglum
- hafi nokkra innsýn í félagslega notkun málsins
- öðlist aukna innsýn í menningu og siði enskumælandi þjóða
- hafi kynnst ensku af mismunandi málsvæðum, m.t.t. framburðar og orðaforða
- sé meðvitaður um notagildi ensku víða um heim
- sé meðvitaður um gildi enskukunnáttu í fræðslu og vísindum
- geti notfært sér upplýsingatækni
- sé meðvitaður um eigin ábyrgð á árangri og framförum í námi

## Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar

### Nemandi á að

- Hlustun**
- skilja söngva, barna- og unglíngaljóð
  - skilja frásagnir sem hæfa aldri hans, um kunnugleg efni
  - skilja leiðbeiningar og fyrirmæli sem snerta samskipti og umgengni í kennslustofu
  - geta hlustað eftir aðalatriðum
  - geta hlustað eftir nákvæmnisatriðum
- Lestur**
- skilja léttlestrarbækur
  - skilja myndasögur og skrítlur
  - skilja fræðsluefni við hæfi barna
  - geta hraðlesið og náð megininntaki
  - geta lesið til að skilja ákveðin smáatriði
  - geta leitað að tilteknum upplýsingum í texta
  - geta unnið með orðaforða í texta
- Talað mál**
- geta tekið þátt í samskiptum, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig, beðist afsökunar, beðið um leyfi, beðið viðmælanda um að endurtaka, geta beitt umorðun, notað hik og þagnir í samtölum
  - geta sagt frá viðfangsefnum sem unnið hefur verið með, t.d. í frásögnum, eigin endursögnum, samtölum
  - geta unnið með orðaforða í tengslum við talað mál
  - kunna að beita nútíð og þátíð sagna, algengum fornöfnum, lýsingarorðum og greini á viðeigandi hátt
- Ritun**
- geta skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta, samfellda texta, s.s. dagbókarbrot, bréf, skilaboð til jafnaldra, frásagnir, texta við myndir og veggspjöld, þannig að framsetning, málbeiting, orðaforði og stafsetning sé nokkuð rétt

## Prepamarkmið 5. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku
  - skilji félaga sína í samskiptum í kennslustundum
  - skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunnugleg
  - þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni
- Lestur**
- skilji einfalda texta, s.s. myndasögur, barnabækur, ævintýri, fræðsluefni fyrir börn í bókum eða á tölvutæku formi
  - geti fylgt ýmsum barnatextum, s.s. þulum, rími, ljóðum, rappi
  - geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum, á geisladiskum eða Neti (t.d. til að vinna með í ferlisverkefnum)
  - þjálfist í að vinna með orðaforða í textum
- Talað mál**
- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig
  - geti tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með, t.d. í endursögnum eða eigin frásögnum
  - þjálfist í ferlisverkefnum á ensku
  - geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu
- Ritun**
- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta um kunnugleg efni
  - geti sett fram texta ásamt myndrænum upplýsingum (t.d. í frásögnum eða ferlisverkefnum)
  - þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun
  - þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 5. bekk

Nemandinn sjálfur, tölur, klukkan, mánuðir, dagar, veður, árstíðir, jól, páskar, litir, stafrófið, gæludýr, dýr af framandi slóðum, fánar, þjóðbúningar, siðir þjóða, líkaminn, hreyfileikir, fatnaður, heimili, hverfið mitt, skólastofan, skólinn, lönd, verslun, versla (hlutverkaleikur), búa til mat, búa til hlut (t.d. fönndra, sauma, smíða), kvikmynd sem nemandi hefur séð, þrautir, spil, púsl.

## Prepamarkmið 6. bekkjar

### Nemandi

#### Hlustun

- skilji það sem fram fer í kennslustofunni á ensku, bæði í tali kennara og samnemenda
- geti hlustað eftir aðalatriðum
- geti hlustað eftir nákvæmnisatriðum
- skilji efni af menningarlegum toga, s.s. söngva, ljóð, þulur, ævintýri, barnasögur frá enskumælandi löndum
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- þjálfist í að nota efni, sem hlustað er á, í tengslum við aðra færniþætti, t.d. í ferlisverkefnum

#### Lestur

- skilji texta af margvíslegri gerð, s.s. sögur fyrir börn, ævintýri, upplýsingatexta, fræðsluefni, myndasögur, þulur, ljóð
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti unnið með lesefni í tengslum við aðra færniþætti
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum, í bókum, á geisladiskum eða Neti

#### Talað mál

- sé fær um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara og samnemendur, þ.e. biðjast afsökunar, biðja viðmælanda um að endurtaka, biðja um leyfi

---

## Nemandi

---

- geti sagt frá sjálfum sér, áhugamálum sínum og völdum atriðum úr umhverfinu
- geti tjáð sig munnlega um viðfangsefni í náminu á áheyrilegan hátt, t.d. í stuttum frásögnum, samtölum eða endursögnum

## Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi stutta, einfalda texta eftir fyrirmyndum
- fái þjálfun í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni
- þjálfist í að nota ritun í ferlisverkefnum
- geti tengt saman ritað mál og myndrænar upplýsingar í framsetningu

## Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 6. bekk

Fjölskyldan, herbergið mitt, frí, áhugamál, ýmsar vöru- tegundir, uppskriftir, matur, hetjur, skrímsli, furðudýr, lifnaðarhættir dýra, börn á framandi svæðum, viðfangsefni úr náttúruvísindum, viðfangsefni úr samfélagsfræði, kvikmyndir, tónlist, hátíðir, hvað ætla ég að verða? myndasögur, skrítlur, dagsetningar og tími.



## Prepamarkmið 7. bekkjar

### Nemandi

#### Hlustun

- geti notað ensku til samskipta innan kennslustofu
- skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti hlustað eftir aðalatriðum
- geti hlustað eftir nákvæmnisatriðum
- geti tengt saman upplýsingar sem hann heyrir og sjónrænar upplýsingar (t.d. ótextað myndefni)
- skilji efni sem tengist eigin menningu og umhverfi
- skilji efni sem tengist lífi jafnaldra í Bretlandi, Bandaríkjunum eða Ástralíu
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða

#### Lestur

- geti lesið einfaldar smásögur
- geti lesið stuttar skáldsögur
- geti lesið fræðsluefni og frásagnir um margvíslegt efni ætlað börnum
- geti leitað að upplýsingum í texta í bók eða á tölvutæku formi
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti lesið efni sem tengist lífi jafnaldra í enskumælandi landi

#### Talað mál

- geti tekið þátt í samskiptum innan kennslustofunnar, við kennara, við bekkjarfélaga, í samtalsæfingum, þ.m.t. geti notað umorðun, hik og þagnir í samtölum
- geti sagt á skýran og skipulegan hátt frá viðfangsefni í námi, undirbúið eða óundirbúið
- sé fær um að beita nokkuð markvisst þeim orðaforða sem hann hefur unnið með
- geti sagt frá völdum atriðum úr umhverfinu og úr íslenskrri menningu
- hafi vald á skýrum framburði svo að ekki valdi misskilningi
- kunnir að beita nútíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum, greini

---

## Nemandi

---

### Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda texta eftir fyrirmyndum, dagbókarbrot, frásagnir, texta við myndir, veggspjöld o.s.frv.
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem unnið hefur verið með

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 7. bekk

Hátíðisdagar í enskumælandi landi/löndum og Íslandi, dagar eins og öskudagur, Guy Fawke's day, hrekkjavaka og sambærilegir dagar í öðrum enskumælandi löndum, skólaganga jafnaldra og daglegt líf í enskumælandi landi/löndum, íþróttir og áhugamál jafnaldra í enskumælandi landi/löndum, bær, borg og sveit, hættur og björgun, draugar og ófreskjur, matur og matarvenjur.

## Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar

### Nemandi á að

- Hlustun**
- skilja ensku af helstu málsvæðum enskrar tungu, talaða á eðlilegum hraða
  - geta hlustað á mismunandi hátt eftir upplýsingum í töluðu máli, bæði til að ná aðalatriðum og nákvæmari upplýsingum
  - skilja leiðbeiningar og fyriræli
  - skilja meginþráð í fréttæfni
  - skilja þegar nokkrir tala saman
  - geta unnið markvisst með orðaforða
  - kunna nokkur skil á félagslegu hlutverki málsins, t.d. hvernig talað er við kunnuga og við ókunnuga
- Lestur**
- geta lesið aðgengilegt fræðsluefni
  - geta lesið bókmenntir, skáldsögur, ljóð, smásögur (t.d. enskar unglingabækur, aðgengilegar skáldsögur ætlaðar enskumælandi, ástarsögur, reyfara)
  - skilja megininntak úr aðgengilegu blaðæfni og tímaritsefni
  - geta lesið í mismunandi tilgangi
  - geta nýtt sér töflur, gröf og súlurit
  - hafa lesið um efni sem tengist menningu enskumælandi þjóða
  - geta nýtt sér uppsláttarrit
- Talað mál**
- geta tjáð sig skýrt og áheyrilega á réttan og viðeigandi hátt um það sem snertir hann persónulega og nám hans
  - geta tekið orðið, umorðað, leiðrétt sig, tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við samsvarandi upplýsingum frá öðrum
  - geta komist að sameiginlegri niðurstöðu með öðrum, látið í ljós aðdáun/vanþóknun, látið í ljós skoðanir (verið sammála/ósammála)
  - geta gefið upplýsingar um sjálfan sig
  - geta veitt upplýsingar um íslenska menningu og umhverfi

---

## Nemandi á að

---

- geta flutt stutt erindi um viðfangsefni í námi
- geta tekið þátt í samskiptum við enskumælandi fólk á eðlilegan hátt
- geta tekið þátt í samskiptum innan bekkjar
- geta beitt réttum framburði, áherslum, ítónun og hrynjandi
- geta bjargað sér við óvæntar aðstæður
- geta beitt viðeigandi orðaforða

## Ritun

- geta tjáð sig skipulega, skiljanlega og á viðeigandi hátt, þ.e. skrifað sögur og frásagnir, texta við myndasögur, fyllt út eyðublöð um gistingu og ferðalög, skrifað endursagnir, persónuleg og ópersónuleg bréf, skýrslur, gagnrýni, ritgerðir og röksemdafærslur
- geta tjáð sig um óskir sínar, þarfir, tilfinningar og skoðanir
- geta skrifað texta í mismunandi tilgangi
- hafa þjálfast í ferlisritun
- kunna að beita helstu reglum um greinarmerki
- kunna að beita algengustu reglum um málfærði og málnotkun
- geta unnið markvisst með orðaforða

## Prepamarkmið 8. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- geti skilið ensku í kennslustofunni, tal kennara og félaga í par- og hópæfingum
  - geti skilið ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
  - geti skilið nokkuð nákvæmar upplýsingar, s.s. tilkynningar og skilaboð í verslunum og á veitingastöðum og upplýsingar um ferðalög
  - geti skilið efni þar sem hlustun og myndefni tengist
  - geri sér nokkra grein fyrir óformlegu og formlegu máli
- Lestur**
- geti lesið léttar smásögur
  - geti lesið styttri skáldsögur
  - geti lesið tímaritsefni, s.s. tímarit sérstaklega ætluð enskunemum og ungu fólki
  - geti leitað sér upplýsinga í handbókum/tölvuneti/geisladiskum
  - geti lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum
  - geti lesið sér til fróðleiks eftir áhugasviðum
  - geti lesið um valda þætti úr menningu enskumælandi þjóða
  - geti unnið markvisst með orðaforða
- Talað mál**
- geti átt samskipti á ensku, þ.m.t. tekið orðið, umorðað mál sitt og leiðrétt sig
  - hafi lært að beita réttum framburði, áherslum og hrynjandi
  - geti talað ensku í kennslustundum
  - geti tjáð sig um umhverfi sitt og áhugamál og það efni sem unnið er með hverju sinni á skýran og skipulegan hátt
  - geti tekið þátt í samtölum um efni sem snertir daglegt líf hans
  - geti sagt frá völdum þáttum úr íslenskri menningu, náttúru og umhverfi

---

## Nemandi

---

- geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum
  - nútíð, þátíð
  - framtíð
  - nafnorðum
  - lýsingarorðum
  - greini
  - algengum fornöfnum
  - algengum forsetningum

## Ritun

- geti skrifað skipulega, skiljanlega og viðeigandi samfellda, styttri texta sem tengjast viðfangsefnum í námi
- geti skrifað frá eigin brjósti styttri texta, s.s. sögur, frásagnir, texta við myndasögur, endursagnir
- geti notað markvisst orðaforða sem hann hefur lært
- geti nýtt sér fyrirmyndir við að skrifa lengri og flóknari texta
- þjálfist í að vinna með ferlisritun
- þjálfist markvisst í stafsetningu
- geti nýtt sér orðabækur við ritun, bæði í bókarformi, á Netinu og á geisladiskum

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 8. bekk

Ferðalög/sumarleyfi erlendis/innanlands, enskumælandi lönd víða um heim, enska sem móðurmál, enska sem annað mál, kvikmyndir, tölvuheimurinn, hjátrú, hindurvitni, íþróttir, vísindi, útivist, umhverfismál.

## Prepamarkmið 9. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir
  - geti skilið meginefni þegar nokkrir tala saman
  - geti greint hver segir hvað í samtölum þegar nokkrir tala saman
  - geti skilið leiðbeiningar og nákvæm fyrirmæli, t.d. um ferðalög
  - geti skilið hlustunarefni sér til fróðleiks
  - geti skilið valið efni um menningu enskumælandi svæða
  - þjálfist í að hlusta markvisst eftir ákveðnum orðaforða
  - geti notað hlustunarefni til að vinna með t.d. í ferlisverkefnum
- Lestur**
- geti lesið og skilið megininntak úr völdu blaðafni
  - átti sig á hvenær nauðsynlegt er að skilja lesefni til hlítar, s.s. leiðbeiningar, fyrirmæli o.s.frv.
  - geti lesið úr súlurítum, töflum og grófum og nýtt sér við verkefnavinnu
  - geti leitað ákveðinna upplýsinga í texta
  - geti lesið bókmenntaefni við hæfi sér til ánægju
  - geti lesið fræðsluefni eftir áhugasviðum
  - þjálfist í að vinna með orðaforða í tengslum við texta
  - geti notað texta til að vinna ferlisverkefni
- Talað mál**
- geti notað ensku til samskipta í skólastofunni
  - geti notað ensku á lipran hátt í persónulegum samskiptum, m.a. tjáð skoðanir sínar og tilfinningar og brugðist við samsvarandi upplýsingum frá öðrum
  - hafi lipur tök á framburði, ítónun, áherslum og hrynjandi
  - geti gert munnlega grein fyrir efni sem hann hefur lesið um, hlustað á eða horft á

---

## Nemandi

---

- geti gefið upplýsingar um valda þætti í íslenski menningu, náttúru og umhverfi
- taki þátt í að vinna ferlisverkefni
- þekki og geti beitt
  - nútíð
  - þátíð
  - núliðinni tíð
  - þáliðinni tíð
  - nafnorðum
  - lýsingarorðum
  - atviksorðum
  - forsetningum
  - fornöfnum

## Ritun

- geti skrifað skiljanlega, skipulega og viðeigandi samfellda texta á nokkuð réttu máli, s.s. bréf, persónuleg og ópersónuleg, skýrslur, gagnrýni
- kunnir nokkur skil á hvernig skrifað er í mismunandi tilgangi
- þjálfist í að vinna með ferlisritun
- geti tjáð sig skriflega um efni sem hann hefur horft á, lesið um eða heyrt um
- geti tjáð hugsanir sínar og skoðanir á persónulegum málefnum
- þjálfist í að vinna með orðaforða í ritunarverkefnum
- noti orðabækur í tengslum við ritun
- þjálfist í stafsetningu
- þjálfist í að vinna ferlisverkefni
- þjálfist í að beita málnotkunarreglum í ritun

## Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 9. bekk

Unglingamenning, geimferðir, framtíðarsýn, málaskólar, vinna unglunga, vasapeningar.



## Prepamarkmið 10. bekkjar

### Nemandi

#### Hlustun

- geti skilið tal kennara og samnemenda
- geti skilið fyrirhafnarlítið þegar talað er um málefni sem hann þekkir
- geti skilið meginþráð í fréttæfni
- geti fylgt meginþræði í umræðum um efni sem hann þekkir þegar nokkrir tala
- geti skilið ensku eins og hún er töluð á helstu málsvæðum enskrar tungu
- geri sér grein fyrir mun á formlegu og óformlegu máli
- geti hlustað og skrifað hjá sér minnisatriði sem síðan er unnið með í tengslum við aðra þætti
- geti skilið skilaboð á símsvara
- geti skilið þegar talað mál og myndefni fer saman
- geti hlustað á efni til að nota í ferlisverkefni

#### Lestur

- geti lesið og skilið aðgengileg bókmenntaverk
- geti skilið megininntak í völdu blaðaefni og tímaritsefni
- geti lesið súlurit, töflur og gröf og nýtt sér við verkefnavinnu
- geti nýtt sér orðabækur
- geti beitt mismunandi lestrarlagi

#### Talað mál

- geti notað ensku til samskipta í kennslustofunni, m.a. komist að sameiginlegri niðurstöðu, látið í ljós aðdáun/vanþóknun, látið í ljós skoðanir (verið sammála/ósammála)
- hafi náð liprum tókum á framburði, ítónun, áherslum og hrynjandi
- geti gert grein fyrir efni út frá minnispunktum, t.d. í stuttu erindi
- geti bjargað sér við óvæntar aðstæður

---

## Nemandi

---

- geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum
  - tíðum sagna
  - nafnorðum
  - lýsingarorðum
  - greini
  - atviksorðum
  - forsetningum
  - fornöfnum
  - skilyrðissetningum
  - þolmynd

## Ritun

- geti skrifað samfellda, viðeigandi og skipulega texta, þ.e. ritgerðir, skýrslur, gagnrýni, röksemdafræslur, fyllt út eyðublöð um gistingu og ferðalög
- geti tjáð sig um óskir sínar, þarfir, tilfinningar og skoðanir
- geti skrifað lykilsetningar („topic sentences“)
- kunnir að beita helstu reglum um greinarmerkja-setningu
- kunnir nokkur skil á hvernig skrifað er í mismunandi tilgangi, m.t.t. inntaks og forms
- þjálfist í að vinna með ferlisritun
- geti beitt almennum og sértækum orðaforða í ritun
- geti beitt reglum um orðaröð
- geti beitt helstu málnotkunarreglum um ritmál

## Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 10. bekk

Unglingamening, nám og störf, málaskólar, munur á breskri og amerískri ensku, valdir þættir úr sögu, t.d. sögufræg persóna, þjóðfélagsskipan, þjóðhöfðingjar, jafnrétti í námi, starfi og á heimili.



## DANSKA

### Inngangur

Danska er annað erlenda málið sem nemendur læra í grunnskóla. Með námi í dönsku er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Danska er kennd vegna samskipta og menningartengsla norrænna þjóða og einnig sækir stór hópur Íslendinga nám og störf á Norðurlöndum. Lifandi tungumál eru sibreytileg og tengsl málnotkunar og menningar eru órjúfanleg. Mikilvægt er að viðfangsefnin gefi nemendum ávallt tækifæri til að kljást við málið í margbreytileik sínum og við sem fjölbreytilegastar aðstæður. Viðfangsefnin þurfa að vera þess eðlis að þau opni nemendum sýn á menningu, siði og lifnaðarhætti í Danmörku.

Nauðsynlegt er að tengsl tungumála, félagslegra samskipta og menningar endurspeglis í kennslunni. Kynni af dægurmenningu og samskiptaháttum eru lykilatriði eigi nemendur að ná þeim tókum á erlendu máli að það nýtist þeim í námi og starfi. Í því skyni að nemendur kynnist menningu, siðum og þjóðfélagsháttum í Danmörku ber að stuðla að persónulegum samskiptum nemenda og Dana, t.d. með bréfa- og tölvusamskiptum, nemendaheimsóknnum og kennaraskiptum. Þá er æskilegt að gera menningu Danmerkur sýnilega í kennslustofunni, með því meðal annars að nota efni sem fjallar á ólíkan hátt um málefni líðandi stundar, t.d. í dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi, útvarpi eða á Netinu.

Á öllum stigum námsins ber að stuðla að því að nemendur fái sem oftast tækifæri til að upplifa dönskuna eins og hún er notuð í daglegu lífi af þeim sem hafa hana að móðurmáli. Í byrjendakennslu er haft að leiðarljósi að nemendur fjalli fyrst um þá þætti sem standa þeim næst, þ.e. sjálfa

sig, nánasta umhverfi og reynsluheim sinn. Smám saman er efnið og sjónarsviðið víkkað út og fært frá nemendum sjálfum og fjallað er um ýmis efni á sífellt óhlutlægari hátt. Þannig er reynt að binda ákveðinn orðaforða inn í námið, setja hverjum efnisflokki þau mörk sem hæfa aldurs- eða námsstigi og jafnframt tryggja stígandi í viðfangsefnum.

Til að reyna að tryggja að allir nemendur hafi sömu viðmið um tileinkun orðaforða og þjálfun færniþátta eru gerðar tillögur að ákveðnum efnisflokkum fyrir hvert þrep grunn-skólans og sett fram nokkuð nákvæm þrepamarkmið fyrir alla færniþætti sem jafnframt rúma talsverða menningar-miðlun. Kennarar hafa svigrúm til að ákveða hversu viðamikil viðfangsefnin verða og velja aðra efnisflokka.

## Lokamarkmið

### Nemandi

- sé fær um að nota málið sem tjáskiptatæki
- geti tjáð sig munnlega á einfaldan hátt við ákveðnar aðstæður
- skilji talað danskt mál sem hæfir aldri hans, þroska og áhugasviði
- kunni aðferðir til að auka orðaforða sinn á markvissan hátt
- viti hvernig hann getur stuðlað að eigin framförum í málanáminu
- geri sér grein fyrir helstu einkennum talmáls og ritmáls
- geti lesið sér til gagns og ánægju
- geti lesið í ólíkum tilgangi og geti beitt mismunandi lestraraðferðum
- hafi öðlast aukna málvitund í dönsku
- sé fær um að beita meginreglum um málnotkun og málfræði
- geti tjáð sig skriflega um málefni sem hann þekkir
- hafi öðlast nýja sýn á danska siði, menningu og þjóðfélag
- fái aukinn áhuga á dönsku með notkun upplýsingatækni
- geti notað vefi og geisladiska til upplýsinga- og heimildaöflunar
- geti notað tölvupóst og spjallrásir til samskipta á dönsku

## Áfangamarkmið/prepamarkmið 7. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- geti greint heiti og einstök orð, án þess að skilja nákvæmlega, þegar talað er um einföld atriði innan efnisflokka sem unnið er með
  - geti skilið þegar við hann er talað á skýru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi hans
  - geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar í tali kennara
  - geti skilið aðalatriði í einföldum samtölum tveggja í þar til gerðum hlustunaræfingum
- Lestur**
- geti lesið stutta texta með algengum, gagnsæjum orðaforða um efni sem hann þekkir
  - geti áttað sig á megininnihaldi í lengri texta sem skrifaður er á léttu máli og tengist efnisflokkum sem unnið er með
  - geti skilið vel innihald stuttra texta sem fjalla um efni sem hann þekkir
  - hafi hraðlesið eina stutta léttlestrarbók og/eða eina léttu smásögu
  - hafi notað byrjendaorðabækur og myndaorðabækur
- Talað mál**
- geti sagt frá tilteknu efni með aðstoð orðtengsla-mynda eða minnispunkta
  - geti sagt frá efni sem unnið hefur verið með
  - geti líkt eftir framburði kennara og bandtexta á algengum orðum, orðasamböndum og stuttum setningum, t.d. algengum orðatiltækjum
  - geti notað orð og orðasambönd sem unnið hefur verið með til að tjá sig um afmörkuð efni
  - geti unnið samtalsæfingar út frá fyrirmyndum sem unnið hefur verið með
  - geti myndað einfaldar setningar og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem unnið hefur verið með

---

## Nemandi

---

- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig með við-eigandi orðalagi
- hafi réttan framburð á hv og hj, á og ø
- geti notað grunnorðaforða úr þekktum efnisflokkum, sem unnið er með, á eigin forsendum í nýju samhengi

## Ritun

- geti skrifað stuttan texta, t.d við myndir, út frá einföldum orðtengslamyndum
- geti skrifað stuttar aðalsetningar með orðaforða úr efnisflokkum sem unnið er með þannig að röng stafsetning valdi ekki misskilningi
- hafi notað byrjendaorðabækur og myndaorðabækur

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 7. bekk

Ég: líkaminn, tilfinningar og útlit; skólinn: skólastofan, húsgögnin, skólataskan, ritföngin, bækurnar, stundataflan og námsgreinarnar; danska stafrófið; fjölskyldan: foreldrar, systkini, afi og amma og samskipti fjölskyldu; fatnaður: almennur fatnaður og grunnlitir; helstu tímasetningar: tölur 1-100, klukkan, vikudagarnir, mánuðirnir og árstíðirnar; matur: máltíðir, nestið, uppáhaldsmaturinn og algengasti maturinn; gæludýr; íþróttir: skólaíþróttir, leikfimi, sund, hjólreiðar, skiði og skautar; áhugamál þessa aldurshóps, t.d. hestar, dans, tónlist og átrúnaðargóð; hátíðisdagar: jólin og aðventan; aðrir merkisdagar: afmælisdagurinn, boðskort, veisla og gjafir; Danmörk og Norðurlöndin: lega landanna, þjóðfánar og höfuðborgir.

## Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar

### Nemandi á að

- Hlustun**
- skilja fyrirhafnarlaust leiðbeiningar og fyrirmæli um athafnir daglegs lífs
  - skilja aðalatriði í töluðu máli í tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum
  - geta fylgst með og haldið þræði í samfelldri frásögn eða tali kennara
  - geta skilið nákvæmlega fyrirmæli, tilkynningar eða annað þar sem nákvæmnisskilningur er nauðsynlegur
- Lestur**
- geta giskað á merkingu einstakra orða út frá samhengi
  - geta beitt leitarlestri, þ.e. leitað að ákveðnum upplýsingum í texta
  - geta beitt yfirlitslestri, þ.e. lesið í gegn texta og áttað sig á megininntaki hans
  - geta beitt hraðlestri, þ.e. lesið hratt og örugglega sér til gagns og ánægju
  - geta beitt nákvæmnislestri, þ.e. skilið inntak texta nokkuð nákvæmlega
  - geta leitað uppi texta á Netinu, t.d. um áhugamál eða sem ítarefni með öðru námsefni
- Talað mál**
- geta beðið um leyfi eða aðstoð
  - geta boðið fram aðstoð
  - geta leiðrétt sig, afsakað sig og hafnað boði eða beiðni
  - geta sýnt þakklæti og óánægju
  - geta lýst skoðunum sínum og tilfinningum á einfaldan hátt
  - geta tjáð sig að einhverju marki um efni sem unnið hefur verið með
  - geta haldið ræðu/erindi í 2-3 mínútur út frá lykilorðum að eigin vali
  - geta sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum, bæði í samtölum og samfelldu máli



---

## Nemandi á að

---

- hafa vald á algengustu fylli- og hikorðum
- geta beitt þeim málfræði- og málnotkunaratriðum sem nefnd eru í þrepamarkmiðum

## Ritun

- geta skrifað nokkrar einfaldar textagerðir, t.d. persónuleg sendibréf, tölvupóst, skilaboð o.s.frv.
- geta tjáð skoðanir sínar á skiljanlegu, rituðu máli
- geta skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá lestri
- geta skrifað texta með góðu samhengi
- hafa nokkuð gott vald á aðal- og aukasetningum
- geta notað grunnorðaforða, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi
- geta beitt þeim málfræði- og málnotkunaratriðum sem nefnd eru í þrepamarkmiðum
- geta unnið með forrit sem krefjast nákvæmni í stafsetningu
- geta notað tölvu í hraðritun, ferlisritun o.s.frv.
- geta sent bréf og fyrirspurnir í tölvupósti

## Prepamarkmið 8. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- geti greint lykilorð innan efnisflokka
  - skilji allt venjulegt, talað mál sem varðar umgengni og skilaboð innan skólastofu
  - skilji aðalatriði í t.d. tilkynningum, samtölum og stuttum frásögnum
  - geti fylgst með og haldið þræði þegar fjallað er um efni sem hann þekkir vel og hefur grunnorðaforða um
  - skilji smáatriði þar sem orðaforðinn tengist lykilorðum í efnisflokkum sem unnið er með
- Lestur**
- geti beitt leitarlestri í stuttum textum, þ.e. lesið texta hratt yfir til að finna ákveðnar upplýsingar
  - geti hraðlesið stuttan texta og skilið í honum aðalatriðin
  - átti sig á hvernig hægt er að geta sér til um merkingu orða út frá samhengi („gættestrategier“)
  - geti lesið nákvæmlega stutta texta sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með
  - hafi hraðlesið minnst eina léttlestrarbók (u.þ.b. 30-40 síður)
- Talað mál**
- hafi réttan framburð á y og æ, ld og nd
  - geti sagt frá sjálfum sér og persónulegum högum sínum
  - geti gefið einfaldar leiðbeiningar og fyrirmæli, m.a. vísað til vegar
  - geti notað grunnorðaforða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi

---

## Nemandi

---

### Ritun

- geti skrifað einföld skilaboð
- geti skrifað persónulega dagbók
- geti skrifað stutt, persónulegt sendibréf til ættingja og vina þar sem orðaforði tengist efnisflokkum sem unnið er með
- hafi kynnst forritum á dönsku þar sem hann á að stafsetja tiltölulega einföld orð

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 8. bekk

Heimilið: herbergið mitt, hlutir á heimili, vistarverur og skyldustörf; sumarið: sumarstörf og ferðalög; mataræði unglunga: skyndibitar og skyndibitastaðir; fatnaður: tískufatnaður, litir, mynstur, verð og stærðir; skólinn: heimalærdómur, frímínútur, félagslífið, félagarnir í skólanum og skólábúðir; áhugamál: kvikmyndahús, sjónvarp, vínahópurinn; leiðarlýsingar: vísað til vegar, t.d. innan skólans og í næsta umhverfi; tölur: símanúmer, símaskráin og mælieiningar; ferming: boðskort, undirbúningur, dönsk ferming / eigin fermingarveisla og mánudagurinn eftir ferminguna; skemmtigarðar: Tivoli, Dyrehavsbakken, Legoland, Sommerland og Vandland; íþróttir; hátíðisdagar: páskarnir og jólin; aðrir merkisdagar: bolludagur og öskudagur.

## Prepamarkmið 9. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- skilji flest venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í tali kennara, nemenda og í þar til gerðu hlustunarefni á snældum eða myndbandi
  - skilji aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og málaflokka og viðfangsefni sem unnið er með í öðrum þáttum dönskunámsins
  - skilji fyrirhafnarlítið þegar talað er beint við hann um málefni sem hann þekkir og hefur unnið með
  - fylgi atburðarás í frásögn nokkuð auðveldlega þar sem hann getur sett sig inn í aðstæður
  - geti greint og skilið lykilatriði úr t.d. tilkynningum, frásögnum og samtölum
- Lestur**
- geti lesið fyrirhafnarlítið texta á frekar léttu máli, t.d. stuttar greinar, blaðagreinar og léttar smásögur
  - geti leitað eftir tilteknum upplýsingum, sem tengjast orðaforða málaflokka sem unnið er með, á Neti og í uppflettiritum, t.d. einföldum alfræðibókum
  - geti skilið fyrirmæli, leiðbeiningar og aðra stutta texta þar sem nauðsynlegt er að allt innihald skiljist nákvæmlega
  - geti beitt ágiskunum fyrirhafnarlaust við lestur lengri texta
  - geti lesið léttlestrarbækur fyrirhafnarlítið sér til gagns og ánægju
  - hafi lesið minnst tvær léttlestrarbækur með u.þ.b. 60-70 blaðsíðum
- Talað mál**
- hafi réttan framburð á u og i, -ig, -ej og -eg
  - geti spunnið hlutverkaleiki út frá lykilorðum, orðasamböndum og myndum
  - geti sagt frá eða endursagt texta eða frásagnir með aðstoð minnispunkta og hjálparorða
  - geti brugðist við beiðnum eða spurningum með útskýringum eða lýsingum

## Nemandi

- geti notað einfaldan orðaforða um skoðanir sínar og tilfinningar
- geti beðið viðmælanda um að endurtaka það sem sagt var, beðið viðmælanda um að útskýra eða að segja með öðrum orðum og geti fullvissað sig um skilning sinn á því sem sagt var
- geti notað grunnorðaforða í efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi

## Ritun

- geti skrifað stutta texta (60-100 orð) út frá lykil-orðum
- geti unnið með einfalda útgáfu af ferlisritun
- geti skrifað hálfbundnar ritunaræfingar í ríkari mæli, t.d. út frá myndum, fyrirmælum eða lýsingu á aðstæðum sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með
- geti skrifað einfaldar endursagnir, t.d. út frá hlustun eða lestri
- geti skrifað einföld ljóð, t.d. út frá orðtengslamynd eða fyrirmælum

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 9. bekk

Líkaminn: líkamleg líðan, sjúkdómar og hreinlæti; tónlistarnám: að læra á algeng hljóðfæri, hljómsveitir, poppstjórnur og átrúnaðargóð; útivist: viðfangsefni, útbúnaður, hlífðarfatnaður og veðurfar; vasapeningar: eyðsla og vinna; félagslíf í skólanum: skólaskemmtanir, bekkjarpartí, klúbbastarf, námskeið og félagsmiðstöðvar; útlit: persónulýsingar; áhugamál og afþreying; samgöngur: að ferðast með strætisvagni, lest, flugvél, skipi, á hjóli og í bíl; heimaslóðir: borg/sveit, næsta umhverfi og vísað til vegar; vinir og kunningjar: hvað er vinátta? hver eru mörk vináttu og kunningsskapar? hvað á vinátta að þola af mótlæti?; verslanir: stórmarkaðir, fataverslanir, bakarí, sjoppur og apótek.

## Prepamarkmið 10. bekkjar

### Nemandi

- Hlustun**
- geti skilið fyrirhafnarlaust venjuleg fyrirmæli og leiðbeiningar í daglegu lífi
  - geti skilið aðalatriði í töluðu máli þegar fjallað er um málefni úr daglegu lífi hans og viðfangsefnum sem unnið er með í öðrum þáttum málanámsins
  - geti fylgt atburðarás í frásögnum (3-5 mínútur) sem tengjast orðaforða efnisflokka sem unnið er með
  - skilji smáatriði í samtölum tveggja manna, tilkynningum og frásögnum með orðaforða efnisflokka sem unnið er með
- Lestur**
- geti beitt yfirlitslestri, þ.e. skilið megininntak texta með því að lesa hann hratt yfir
  - geti fyrirhafnarlaust beitt leitarlestri þar sem hann leitar eftir ákveðnum upplýsingum
  - geti áttað sig á megininntaki texta, sem tengjast málaflokkum sem unnið er með, út frá lykilorðum eða fyrirsögnum
  - geti skilið megininntak lengri texta, t.d. blaðagreina, smásagna eða skáldsagna, og haldið þræði án þess að skilja hvert einasta orð
  - geti beitt nákvæmnislestri um efni tengt málaflokkum sem unnið er með í stuttum textum þar sem nauðsynlegt er að skilja hvert orð
  - hafi lesið minnst tvær hraðlestrarbækur sem hæfa getu hans og eru um 100 síður hvor
- Talað mál**
- hafi réttan framburð á e, geti spreytt sig á framburði á a og e
  - geti beðið um leyfi eða aðstoð, boðið fram aðstoð sína, leyft eitthvað eða hafnað einhverju
  - geti leiðrétt sig og afsakað sig
  - geti hrósað öðrum, látið í ljós þakklæti og ánægju/óánægju
  - geti mælt sér mót við einhvern og samið um stað og stund
  - geti rætt um ákveðin efni, sem fjallað hefur verið um, á dönsku

## Nemandi

- geti gefið til kynna virka hlustun, t.d. með látbragði eða fylliorðum
- geti haldið ræðu í 2-3 mínútur um undirbúið efni út frá lykilorðum
- hafi vald á nokkrum hikorðum
- geti hafið og endað samtal
- geti notað grunnorðaforða úr efnisflokkum, sem unnið hefur verið með, á eigin forsendum í nýju samhengi

## Ritun

- geti skrifað nokkrar einfaldar textagerðir, t.d. persónuleg sendibréf, tölvupóst, skilaboð o.s.frv.
- geti skrifað lengri samfelldan texta um efni, sem tengjast daglegu lífi, (u.þ.b. 150-200 orð) með nokkuð rétttri stafsetningu
- geti tjáð sig um nokkuð sérhæft efni í tengslum við þemu eða annað sem unnið hefur verið með
- geti skrifað einfaldar aukasetningar
- geti tjáð skoðanir sínar og hugsanir á skiljanlegu rituðu máli
- hafi lært að skrifa texta með góðu samhengi
- geti notað tölvur til ritvinnslu

### Dæmi um viðfangsefni sem geta hentað í 10. bekk

Ást og vinátta: tilfinningar og líðan; samskipti einstaklinga og hópa; daglegt líf í Danmörku: fjölmiðlar, dagblöð, sjónvarp, útvarp, Netið og kvikmyndir; algeng störf og starfsheiti, sumarstörf og framtíðarstörf; lífsstill: líkamsrækt, lífsvenjur, hollur/óhollur matur og fólk í fréttum; skólar og menntastofnanir: grunnskóli, framhaldsskóli og „ungdomsskoler/efterskoler“; spennuefni: bækur, frásagnir, kvikmyndir, afbrot og sakamál; tækninýjungar; geimurinn; heimsmetafréttir; furðulegir hlutir og atburðir; sumarfríið: útilega, tjaldstæði, farfuglaheimili og sólarströnd; framtíðardraumar: hvernig lítur framtíðin út? hvað er jákvætt/neikvætt? nám, námsleiðir og störf.

## Málnotkunaratriði í 7.-10. bekk

Eftirfarandi eru þau atriði sem nemendum er ætlað að læra á hverju þrepi. Ekki er átt við að þeir eigi að þylja upp einstakar reglur og undantekningar, heldur hafi skilið og geti beitt þessum atriðum í tali og rituðu máli.

### Nemandi

- 7. bekkur**
- þekki nafnorð
  - geti notað óákveðinn greini nafnorða
  - geti notað ákveðinn greini nafnorða, persónuorð (jeg, du, min, din)
  - hafi notað byrjendaorðabækur og myndaorðabækur við alla vinnu (óbeint málfræðinám í tengslum við orðaforðatilkun)
  - þekki mun á nútíð og þátíð
  - þekki helstu fylgiorð sagnanna í nútíð og þátíð (dæmi: í gær - í dag)
- 8. bekkur**
- geti notað spurnarorð við myndun spurnarsetninga
  - þekki reglulegar endingar lýsingarorða
  - þekki persónufornöfn
- 9. bekkur**
- geti notað ákveðinn greini nafnorða og lýsingarorða
  - þekki reglulega fleirtölu nafnorða
- 10. bekkur**
- þekki og geti unnið með
    - eignarfornöfn
    - núpálegar sagnir
    - boðhátt sagna
    - stígbreytingu lýsingarorða
    - algengustu sagnir, sem tengjast efnisflokkum sem unnið er með, í öllum tíðum
    - forsetningar í algengustu (föstum) orðasamböndum





## NORSKA/SÆNSKA

### Inngangur

Kennsla í norsku eða sænsku stendur til boða nemendum sem hafa sérstök tengsl við Noreg eða Svíþjóð og kemur kennslan þá í staðinn fyrir dönskukennslu og hefst á sama tíma og dönskukennsla hefst í grunnskóla. Nemendahópurinn í norsku og sænsku hefur þá sérstöðu að vera fámennur og dreifður. Geta verið fáir nemendur á hverjum stað sem eiga kost á kennslu í þessum málum. Kennslan fer oft fram utan venjulegs skólatíma og í sumum tilvikum eru foreldrar leiðbeinendur. Nauðsynlegt er vegna sérstakrar stöðu þessara mála að náíð samstarf sé milli heimilis og skóla, kennara og foreldra. Fjarkennsla er æskilegur kostur fyrir þennan hóp og hlýtur í framtíðinni að verða verulegur hluti af námi í norsku og sænsku, bæði í grunnskóla og framhaldsskóla.

Nemendur, sem geta valið norsku eða sænsku, hafa þá sérstöðu að þeir vita deili á þessum samfélögum, þekkja tjáskiptareglur þeirra og siði. Þeir hafa því málfarslegar og menningarlegar rætur bæði á Íslandi og í Noregi eða Svíþjóð.

Þeir sem geta stundað nám í norsku eða sænsku eru nemendur sem hafa búið í Noregi eða Svíþjóð eða eiga fjölskyldu- og/eða vinatengsl þar og hafa þannig öðlast undirstöðukunnáttu í málunum.

Undirstöðukunnátta, sem nemandi þarf að hafa til að geta stundað nám í norsku eða sænsku, er að

- skilja allvel talaða norsku/sænsku
- geta lesið og skilið einfalda norska/sænska texta miðað við sinn aldurshóp
- geta gert sig skiljanlegan á töluðu norsku/sænsku máli

Þessi lágmarkskunnátta er nauðsynleg til þess að nemendur geti nýtt sér það norskunám/sænskunám sem í boði er.

### Nemandi

- geti lesið alla almenna texta á norsku/sænsku sér til gagns
- hafi tamið sér notkun orðabóka
- hafi fengið kynni af norskum/sænskum bókmenntum (norskum bókmenntum bæði á bókmáli og nýnorsku)
- geti fylgst með samræðum á norsku/sænsku
- geti fylgst með norskum/sænskum kvikmyndum og sjónvarpsefni án þýðingartexta
- geri sér grein fyrir mállýskumun í Noregi/Svíþjóð og hafi fengið að hlusta á mismunandi mállýskur
- sé fær um að nota ritað mál sér til gagns í samskiptum við aðra og til að tjá skoðun sína
- sé fær um og treysti sér til að eiga frumkvæði að og taka þátt í samræðum á norsku/sænsku
- hafi fengið hvatningu til að halda mállýsku sinni við
- hafi kynnst atriðum úr norskri/sænskri sögu og menningarsögu
- hafi öðlast skilning á skyldleika norrænna mála og menningarheima
- hafi öðlast skilning á sérstöðu sinni sem tvítyngdur einstaklingur með rætur í tveimur löndum
- geri sér grein fyrir ábyrgð á eigin námi
- hafi lært hvernig hann getur stuðlað að framförum í náminu og nýtt sér Netið til þekkingarleitar og til að varðveita tengsl sín við Noreg/Svíþjóð
- geri sér grein fyrir gildi samvinnu nemenda þar sem þeir læra hver af öðrum og miðla reynslu sín á milli

## Áfangamarkmið/prepamarkmið 7. bekkjar

Í upphafi er lögð megináhersla á tal og hlustun í náminu. Athygli nemenda er beint að sameiginlegum og ólíkum atriðum í norsku/sænsku annars vegar og íslensku hins vegar. Nemendur eru hvattir til að halda mállýskum sínum við og gerðir meðvitaðir um þær. Norska/sænska er notuð í kennslustundum. Reynt er að byggja kennslu sem mest á reynslu og þekkingu nemenda sjálfra. Síðar er lögð vaxandi áhersla á lestur og ritun. Nemendur eru hvattir til að koma með bækur og annað efni að heiman og sýna og nota í tímum. Málfræði- og stafsetningarkennsla byggist einkum á því sem nemendur hafa þegar lært í norsku/sænsku.

Sérstök áhersla er lögð á samanburð á menningu og náttúru Íslands og Noregs/Svíþjóðar og gildi þess að eiga rætur í tveimur löndum. Eðlilegur hluti af náminu er að nemendur læri um helstu borgir, fána, þjóðsöngva og þjóðhöfðingja Noregs/Svíþjóðar.

### Nemandi

#### Hlustun

- skilji spurningar og leiðbeiningar kennarans á norsku/sænsku
- hafi hlustað á sögur og ljóð, lesin af kennara og af bandi
- geti svarað spurningum um innihald þess sem hlustað er á
- geti tengt efni, sem hann hlustar á, við myndrænt efni
- hafi hlustað á norska/sænska tónlist og söngva
- þekki orð úr daglegu lífi og úr nánasta umhverfi

#### Lestur

- geti lesið og gert grein fyrir einföldum og fjölbreyttum textum
- geti lesið og farið eftir fyrirmælum á norsku/sænsku
- hafi lesið myndablöð og tímarit ætluð jafnöldrum í Noregi/Svíþjóð

---

## Nemandi

---

- hafi skoðað norsk/sænsk dagblöð
- hafi lesið norska/sænska texta á Netinu og geti gert grein fyrir þeim
- geti greint aðalatriði og atburðarás í texta
- hafi fengið þjálfun í að beita mismunandi lestrar- aðferðum
- þekki orð úr daglegu lífi og úr nánasta umhverfi
- hafi fengið þjálfun í notkun orðabóka

## Talað mál

- geti lesið upphátt sögur og ljóð með góðum fram- burði
- geti svarað kennaranum á norsku/sænsku
- geti sett fram spurningar / beðið um aðstoð á norsku/sænsku
- geti tekið þátt í umræðum um efni úr daglega lífinu á norsku/sænsku og tjáð skoðun sína
- geti gert grein fyrir verkefnum sínum munnlega
- hafi tekið þátt í hópvinnu á norsku/sænsku
- hafi fengið hvatningu til að nota og halda mállýsku sinni við
- hafi aukið þekkingu sína á málfræði
- hafi velt fyrir sér muninum á náttúru Íslands og Noregs/Svíþjóðar
- hafi velt fyrir sér gildi þess að eiga rætur í tveimur löndum

## Ritun

- geti/hafi skrifað bréf til vina/ættingja í Noregi/ Svíþjóð
- geti skrifað stutta, samfellda texta um eigin reynslu
- geti skrifað endursögn með öllum helstu atriðum eftir að hafa lesið eða hlustað á sögu
- hafi fengið þjálfun í notkun orðabóka
- hafi aukið þekkingu sína á málfræði og réttitun

## Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar

### Nemandi á að

- Hlustun**
- geta skilið innihald norskra/sænskra kvikmynda og sjónvarpsefnis
  - geta skilið allt daglegt mál, talað með eðlilegum hraða
  - hafa hlustað á margvislegt efni á norsku/sænsku á mismunandi mállyskum
- Lestur**
- hafa lesið úrval norskra/sænskra undirstöðubókmennta
  - geta gert grein fyrir innihaldi lesinna texta á norsku/sænsku, hvort heldur sem er fagurbókmennta eða annars efnis
  - geta farið eftir skriflegum fyrirmælum
  - hafa fengist við einfalda texta á dönsku, norsku/sænsku og færeysku
  - hafa tamið sér notkun orðabóka og Netsins
  - hafa fengið tækifæri til að fylgjast með fréttum og öðru, sem hann hefur áhuga á, í Noregi/Svíþjóð og nota til þess alla fjölmiðla
- Talað mál**
- geta og treysta sér til að eiga frumkvæði að samræðum
  - geta tekið þátt í samræðum
  - geta tjáð sig á viðeigandi hátt við mismunandi aðstæður
  - geta flutt undirbúin, munnleg erindi
- Ritun**
- geta notað skriflega norsku/sænsku til að koma skilaboðum á framfæri
  - hafa fengið hvatningu til að halda sambandi við vini í Noregi/Svíþjóð
  - geta skrifað ritgerðir um valið efni
  - geta tjáð tilfinningar og skoðanir sínar eftir þörfum
  - þekkja og geta beitt helstu reglum í stafsetningu, málfræði og setningafræði

## Prepamarkmið 8. bekkjar

Áfram verður byggt á reynslu og þekkingu nemenda og reynt að nýta hana og áhugamál nemenda sem mest við val á viðfangsefnum. Lögð er vaxandi áhersla á lestur og ritun. Lengri textar eru notaðir og a.m.k. lesin ein skáldsaga sem er við hæfi nemenda. Málfræði- og stafsetningar- kennsla byggist á þeirri þekkingu sem nemendur hafa þegar aflað sér. Nemendur eru þjálfaðir í upplýsingaleit á norsku/sænsku. Leitast er við að vekja nemendur til umhugsunar um eigin ábyrgð á námi og mikilvægi eigin frumkvæðis.

Sérstök áhersla er lögð á að rækta menningartengsl með því að nemendur kynnist leiðum til að afla upplýsinga um Noreg/Svíþjóð, t.d. hjá Norræna húsinu, í textavarpi, á Netinu og með því að læra um daglegt líf jafnaldra í Noregi/Svíþjóð.

### Nemandi

#### Hlustun

- geti hlustað á frásögn og gert grein fyrir innihaldi hennar
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennarans
- geti safnað upplýsingum og skráð eftir munnlegum heimildum
- hafi hlustað á norsku/sænsku við mismunandi aðstæður
- hafi séð norskar/sænskar kvikmyndir og geti skilið tal þeirra og tengt við myndefnið
- hafi hlustað á norska/sænska tónlist og söngva

#### Lestur

- geti farið eftir rituðum fyrirmælum
- hafi lesið a.m.k. eina unglingsbók að eigin vali og gefið umsögn um hana
- geti lesið sér til gagns leiðbeiningar, fræðsluefni og fleira, samið fyrir jafnaldra í Noregi/Svíþjóð

---

## Nemandi

---

- hafi lesið stiklutexta á norsku/sænsku, miðaðan við sinn aldurshóp
- hafi lesið og unnið með texta úr dagblöðum og tímaritum
- geti flett upp í símaskrárm og öðrum uppflettiritum
- hafi unnið með samheitaorðabækur og orðabækur á vef
- geti notað orðabækur við vinnu sína

## Talað mál

- geti talað norsku/sænsku í kennslustundum
- geti flutt stutt efni, t.d. brandara, fyrir bekkjarfélaga sína á norsku/sænsku
- geti lesið upphátt með eðlilegum hraða og góðum framburði
- hafi kynnt eigin verkefni munnlega frammi fyrir hópnnum
- hafi tekið þátt í hlutverkaleikjum í hópnnum
- hafi fengið hvatningu og tækifæri til að reyna að bjarga sér munnlega við óvenjulegar og óvæntar aðstæður
- fái þjálfun í að vinna markvisst með orðaforða

## Ritun

- geti skrifað samfellda texta um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- geti skrifað útdrætti og endursagnir úr munnlegu og skriflegu efni
- geti skrifað skýr og greinileg fyrirmæli og leiðbeiningar
- hafi skrifað bréf og tölvupóst til vina/ættingja í Noregi/Svíþjóð
- hafi nægilegt vald á réttiritun og málfræði til að geta skilað greinargóðum verkefnum
- geti notað orðabækur við vinnu sína

## Prepamarkmið 9. bekkjar

Tungumál annarra norrænna landa eru kynnt fyrir nemendum svo að þeir átti sig á skyldleika þeirra og því gagni sem þeir hafa af kynnum sínum af Noregi/Svíþjóð og þau borin saman við reynslu þeirra af Íslandi. Nemendur kynnast atriðum úr sögu og menningu Noregs/Svíþjóðar. Áhersla er lögð á notkun tölvu við upplýsingaleit og samskipti. Leitast er við að vekja nemendur til umhugsunar um eigin ábyrgð á námi og mikilvægi eigin frumkvæðis en jafnframt gildi samvinnu og samskipta í náminu.

### Nemandi

#### Hlustun

- geti skilið norskt/sænskt fræðsluefni miðað við aldur hans og leyst verkefni út frá því
- geti fylgst með samtölum manna og rökræðum og náð aðalatriðum í þeim
- geti skilið aðalatriði í fréttum í útvarpi og sjónvarpi
- geti nýtt sér munnlegar upplýsingar, s.s. veðurfregnir, símsvara og annað þess háttar
- hafi séð norskar/sænskar kvikmyndir við hæfi
- hafi fengið tækifæri til að hlusta á norska/sænska tónlist
- skilji algeng orðtök og málshætti
- geti áttað sig á merkingu orða út frá samhengi
- hafi meðvitað beitt ýmsum aðferðum við að auka óvirkan orðaforða sinn

#### Lestur

- geti lesið sér til gagns fræðsluefni sem hæfir aldri hans
- hafi lesið a.m.k. eina skáldsögu að eigin vali og gefið stutta umsögn um hana
- geti notað norskar/sænskar leitarvélur á Netinu sér til gagns
- hafi lesið texta á eldra máli
- norska: hafi lesið stutta texta á nýnorsku
- hafi fengist við texta á öðrum Norðurlandamálum



---

## Nemandi

---

- þekki helstu styttingar sem eru notaðar í ritmáli
- skilji algeng orðtök og málshætti
- geti áttað sig á merkingu orða út frá samhengi
- lesi um mikilvæga atburði og persónur úr norskri/sænskri sögu og menningarsögu
- hafi meðvitað beitt ýmsum aðferðum við að auka óvirkan orðaforða sinn

### Talað mál

- geti flutt undirbúin, munnleg erindi
- geti tekið viðtöl á norsku/sænsku
- hafi fengið æfingu í að nota hugmyndaflug og hugvit til að bjarga sér munnlega við óvæntar aðstæður
- þekki kurteisisvenjur, þérun o.þ.h.
- hafi velt fyrir sér skyldleika mála og menningar Norðurlanda
- geti beitt algengum orðtökum og málsháttum
- hafi öðlast nokkurn orðaforða tengdan sögu og listum

### Ritun

- geti skrifað heimildaritgerðir samkvæmt fyrir-mælum og tjáð sig skriflega um persónuleg efni
- hafi skrifað bréf og tölvupóst til ættingja/vina í Noregi/Svíþjóð
- hafi nægilega gott vald á málfræði og réttitun til að geta skilað verkefnum með sóma
- hafi öðlast nokkurn orðaforða tengdan sögu og listum

## Prepamarkmið 10. bekkjar

Áhersla er lögð á að fylgjast með fréttum og atburðum liðandi stundar í Noregi/Svíþjóð og ýmsir miðlar notaðir til þess. Áhersla er lögð á lestur ólíkra bókmenntagreina frá ýmsum tímum með hliðsjón af áhuga og þroska nemenda. Áhersla er lögð á þjálfun í munnlegum samskiptum.

### Nemandi

#### Hlustun / talað mál

- geti fylgst með og tekið þátt í samtölum
- geti hlustað á samtöl og annað munnlegt efni og svarað spurningum um innihaldið
- geti sagt frá eigin reynslu fyrir framan hópinn
- geti flutt undirbúið efni munnlega fyrir hópinn, t.d. flutt fréttir frá Noregi/Svíþjóð
- geti bjargað sér við óvæntar og ókunnar aðstæður
- geti talað í síma á norsku/sænsku
- hafi séð norrænar kvikmyndir við hæfi
- geti notað orðaforða tengdan nútímatækni
- hafi fylgst reglulega með fréttum frá Noregi/Svíþjóð

#### Lestur

- hafi lesið ólíkar bókmenntir, ljóð, ritgerðir, smásögur o.fl. frá ýmsum tímum, og geti skýrt frá meginþema textans
- geti „ratað“ í norskum/sænskum dagblöðum
- geti fundið fréttir og fréttaskýringar um tiltekið efni á Netinu og gert grein fyrir megininntaki
- norska: hafi lesið bókmenntir bæði á bókmáli og nýnorsku og geti greint þar á milli
- geti skilið einfalda texta á öðru Norðurlandamáli
- hafi fylgst reglulega með fréttum frá Noregi/Svíþjóð
- hafi aukið þekkingu sína á máli og menningu annarra Norðurlandþjóða
- þekki algeng orð tengd nútímatækni

#### Ritun

- geti skrifað mismunandi texta af lipurð og öryggi
- hafi skrifað a.m.k. eina heimildaritgerð um tiltekið efni
- hafi unnið skriflegt verkefni sem reynir á samvinnu og alhliða notkun tungumálsins
- geti beitt helstu reglum um orðmyndun á norsku/sænsku
- geti beitt orðaforða tengdum nútímatækni
- þekki og geti beitt helstu reglum í málfræði, setningafræði og réttiritun

**AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA 1999  
ER GEFIN ÚT Í TÓLF HEFTUM**

**ALMENNUR HLUTI**

**ÍSLENSKA**

**STÆRÐFRÆÐI**

**ERLEND TUNGUMÁL**

**HEIMILISFRÆÐI**

**ÍÐRÓTTIR – LÍKAMS- OG HEILSURÆKT**

**KRISTIN FRÆÐI, SIÐFRÆÐI, TRÚARBRAGÐAFRÆÐI**

**LISTGREINAR**

**LÍFSLEIKNI**

**NÁTTÚRUFRÆÐI**

**SAMFÉLAGSGREINAR**

**UPPLÝSINGA- OG TÆKNIMENNT**

